

# STJÓRNARTÍÐINDI B 10 – 1992

---

---

Nr. 65

210

25. febrúar 1992

## REGLUGERÐ

### um bann við veiðum út af Breiðafirði.

1. gr.

Frá kl. 15.00 26. febrúar 1992 eru allar togveiðar bannaðar á svæði, sem markast af línnum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64°53'5 N – 27°06' V
2. 64°53'0 N – 27°15' V
3. 65°06'0 N – 27°20' V
4. 65°06'0 N – 27°06' V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 25. febrúar 1992.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Gylfi Gautur Pétursson.*

Nr. 66

24. febrúar 1992

## AUGLÝSING

### um fjárhæð gjalds vegna stöðvunarbrota.

Ákveðið hefur verið að gjald vegna stöðvunarbrota samkvæmt 1. mgr. 108. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. 3. gr. reglna um álagningu og innheimtu gjalds vegna stöðvunarbrota, nr. 104 26. febrúar 1988, skuli vera 1000 krónur. Í Reykjavík skal gjald vegna brota á reglum um notkun stöðureita þó vera 700 krónur.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. mars 1992 að telja.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um fjárhæð gjalda vegna stöðvunarbrota, nr. 351 8. júlí 1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. febrúar 1992.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

Prentsmiðjan Gutenberg hf.